

# Svæðisráð Sögu Fundargerð

Fundur í Svæðisráði Sögu haldinn í Vikurskála Vik Mýrdal 31.3. 2012 kl 12.30

**1. Fundarsetning og kynning.** Að loknum snæðingi á súpu, setti svæðistjóri Ágúst Magnússon fund og bauð fundarmenn velkomna og fór fram kynning á fundarmönnum. Mættir: Ágúst Magnússon, svæðisstjóri, Búrfelli, Magnús Benónýsson, Helgafelli, Geir Þorsteinsson og Sigurður Einar Sigurðsson Ós. Júlíus Ingvarsson og Jóhannes G Brynleifsson Ölver, Jóhann Sveinbjörnsson, Búrfelli, og Hjörtur Þórarinnsson svæðisritari Búrfelli.

**2. Fundargerð Svæðisráðs Sögu dags. 12. nóv 2011 lesin og samþykkt.**

**3. Skýrsla svæðisstjóra.** Fjallaði hún um starfið í umdæmisstjórn, yfirlit um starfsemi í klúbbunum, mætingar og fjármál, kvörtun yfir úreltu mánaðarskýrsluformi, vafasömu skipulagi varðandi afhendingu reiðhjólahljalma í vor og vonbrigðum yfir afstöðu umdæmisstjórnar gagnvart fyrirhugaðri tilraun um fjarfundaform á svæðisfundum hjá okkur. Þá dreifði hann greinargerð um erlent samstarf, þýðingu þess fyrir klúbbana og ógætni í fjármálum KIEF. Sjá nánar í skýrslu hans.

**4. Skýrslur klúbbanna.** Þær voru fluttar í þessari röð og þeim dreift til fundarmanna að loknum lestri. Búrfell, Eldfell, Helgasfell, Mosfell, Ós og Ölver

**5. Umræður um starfsemi klúbbanna,** sem kynnt var í skýrslunum. Margt athyglisvert kom fram í skýrslunum. Það þótti miður að fulltrúar frá Mosfelli og Eldfelli skyldu eigi geta komið á svæðisráðsfundinn. **Hjá Búrfelli** er allt á svipuðu róli. Nýr fundarstaður á Eyravegi 15 verður tekinn í notkun á næsta fundi. **Eldfell** er að feta sig áfram á sínu fyrsta ári og horfa þeir með bjartsýni fram á veginn. **Helgafellingar** eru öflugir bæði utan funda og innan og framsæknir í sínum málum. **Hjá Mosfelli** hefur starfið verið í ágætum gir, eins og segir með sanni í þeirra skýrslu. **Hjá Ós** hafa fundir verið skemmtilegir og góð mæting, og umræða á fundum almenn. Þeir fluttu fundi sína á Hótel Jökul og fengu þar sérstakan sal og aðgang að eldhúsi hótelsins. Þeir tóku fyrir athyglisvert erindi: Karlaheilsu og krabbamein, sendu bréf til 240 manna á aldrinum 40 til 65 ára og komu 115 til fundar með þeim. **Ölver** starfar áfram með góðum árangri fyrir félag sína og heimabyggð. Sjá nánar í skýrslum klúbbanna.

Framúrkefsla KIEF á rekstrarfé var nánar til umræðu og lögð áhersla á að taka það mál til róttækrar gagnrýni á Evrópuþinginu í Noregi 10. júní. Komið hefur til tals að rekstarframlag KI til KIEF fari beint til umdæmanna en ekki í lamað núverandi stjórnkerfi KIEF. Þá var styrktarsjóðurinn og framlag hans til umræðu. **Ölver** er að meta stöðu sína í sjóðnum, en hafa ekki tekið endanlega ákvörðun og fleiri eru að íhuga stöðu sína gagnvart honum. Þá voru

reglur um mætingarskráningu ræddar. Það skýrsluform þarf endurskoðunar við. Fjarfundamálið var nánar ríftjað upp og þótti það mistök hjá umdæmisstjórn að setja tilraun til fjarfundar hjá okkur í uppnám. Tillaga kom fram að prófa sig áfram með slík sparnaðarsamskipti og halda óformlegan svæðisráðfund, sem forsetar klúbbanna stæðu að. Heilu dagsverkin og þúsund km akstur gæti sparast.

Við ferðakostnað flestir klúbbar stríða

en fundin lausn er látin hiklaust bíða.

Traust og öruggt fundarform

er fastmótað og óbreytt norm

Umdæmistjórninni allir skulu hlýða.

**6. Staðfesting á kjöri svæðisstjóra og kjörsvæðisstjóra Sögusvæðis 2012-2013** Samkvæmt tilnefningum og einróma samþykkt svæðisráðs verður Pétur Jökull Hákonarson Mosfelli svæðisstjóri Sögusvæðis 2012-2013 og Elías Hafsteinsson, Ölver kjörsvæðisstjóri 2012-2013. Tilnefning til kjörsvæðisstjóra frá Ós frestast um eitt ár, þeirra kandidat verður kjörsvæðisstjóri 2013-2014.

**7. Önnur mál. Frá Umdæminu** berast þær fréttir að í undirbúningi sé að festa kaup á nýju félagsheimili og fundarstað í stað Engjateigar 11 sem hefur verið selt. Óskar Guðjónsson verður einn í framboði sem fulltrúi Evrópu í heimsstjórn á þinginu í Bergen 10. júní n.k. Svæðisstjóri greindi frá yfirlit um K-daginn 2011. Styrkveiting 2011 var 25.500.000, kr Í varasjóði eru 1.581.592. kr. Dreifing og skipulag reiðhjólahljalma er í undirbúningi og þótti mönnum að þar gæti stefnt í óefni og ómarkvissa dreifingu án aðildar klúbbanna.

Fundarlok kl 15.30

Niðurlag og kveðja til Ós

Kiwanis er allt til alls, Ós með þætti heilsunnar,

Karlaheilsa kom til tals um“kjallarann og bakdyrnar“

*Hjörtur Þórarínsson, svæðisritari*